

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 2. nóvember 2022.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.40 og lauk kl.18.20.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Sýlvía Ósk Speight, Magnús Gunnarsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir, Viðar Halldórsson (vék af fundi kl. 17.20) og Már Sveinbjörnsson (Teams). Forföll: Aðalbjörg Óladóttir.

### Dagskrá:

**1. Aðildarumsókn ÍBH að UMFÍ**

ÍBH sendi bréf til UMFÍ 20. október sl. og óskaði eftir aðild að UMFÍ. Umsóknin verður tekin fyrir á fundi UMFÍ þann 25. nóvember nk.

**2. Samningur milli ÍBH – Rio Tinto – Hafnarfjarðarbæjar**

ÍBH hefur óskað eftir samtali við Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæ um endurskoðun á samningnum. Umræður um hvaða þætti þarf að endurskoða.

**3. Syndum – Landsátak í sundi 1. – 30. nóvember 2022**

Lagt fram til kynningar. ÍBH hefur birt nánari upplýsingar um átakið á heimasíðu og samfélagsmiðlum ÍBH.

**4. Formannafundur ÍSÍ 25. nóvember 2022**

Bréf dagsett 25. október sl. frá ÍSÍ lagt fram til kynningar. Varaformaður og framkvæmdastjóri ÍBH munu sækja fundinn.

**5. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2022**

Verður haldin 27. desember nk. í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Íþróttabandalaginu hefur verið falið að leita til íþróttafélaga eftir viðeigandi upplýsingum og tilnefningum um íþróttakonu og íþróttamann Hafnarfjarðar 2022.

**6. Saga íþróttar í Hafnarfirði – framhald af heimildaöflun**

Verið er að leggja lokahönd á 70 ára sögu ÍBH frá 1945-2015. Umræður um framhaldið frá 2015.

**7. Íþróttafulltrúar félaga**

Rætt um stöðugildi íþróttafulltrúa, framkvæmdastjóra og iðkendafjölda í þjónustusamningum Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélög. Samþykkt að óska eftir endurskoðun.

## **8. Aðalfundur félaga**

Samþykkt að stjórn ÍBH stefni að því að vera sýnilegri á aðalfundum íþróttafélaga. Skrifstofa ÍBH sendir póst á stjórnina þegar dagsetningar aðalfunda íþróttafélaga liggja fyrir og einn stjórnarmaður reynir að líta við.

## **9. Samvinna íþróttafélaga / íþróttadeilda**

Málefnið rætt með sínum kostum og göllum. Fundarmenn sammála um að íþróttamennirnir hafi valið og færi sig á milli félaga þar sem þeir vilja iðka sína íþrótt hverju sinni.

## **10. Starfsmannamál ÍBH**

Samþykkt að hefja undirbúning að því að auka stöðugildi bandalagsins um 25-50% frá janúar 2023.

## **11. Fræðslumál**

Samþykkt að hefja undirbúning á fyrirlestri um BETRI SVEFN og að hann verði haldinn í nóvember 2022 á Ásvöllum.

## **12. Heimsóknir til félaga**

Samþykkt að stefna að því að heimsækja Hestamannafélagið Sörla á fyrsta fundi í janúar 2023.

## **13. Blakfélag Hafnarfjarðar**

Uppbyggingarstarf félagsins lagt fram til kynningar. Á haustmánuðum 2022 tóku unglingsflokkar félagsins í fyrsta skipti þátt í blakmótum.

## **14. Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar 20 ára 21. október sl.**

Lagt fram til kynningar.

## **15. Önnur mál**

a). AKA færði öllum bestu þakkir fyrir innlitið á 10 ára afmælishátíð Brettafélags Hafnarfjarðar 15. október sl.

b). MG lagði til að stjórn ÍBH legði fram eftirfarandi bókun: Stjórn ÍBH fagnar þeim áfanga að Hafnarfjarðarbær er búinn að samþykkja uppbyggingu tveggja íþróttamannvirkja, reiðhöll hjá Hestamannafélaginu Sörla og knattús í fullri stærð hjá Knattspyrnufélaginu Haukum.

c). MS upplýsti fundarmenn um stöðuna á fyrirhuguðum golfvallarframkvæmdum.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.